



## **Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2014 til 2016 lögð fram á bæjarstjórnarfundum 14. febrúar 2013 – síðari umræða**

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2014 – 2016 byggir á niðurstöðu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013 sem samþykkt var í bæjarstjórn 28. desember sl. Framsetning þriggja ára áætlunar er með þeim hætti að ekki er reiknað með verðlagsbreytingum eða verðbólgu þau ár sem áætlunin nær yfir. Áætlunin tekur þannig mið af því verðlagi sem reiknað er með að muni verða í lok árs 2013. Breytingar sem reiknað er með í áætluninni eru því raunvirðisbreytingar. Engar athugasemdir hafa komið fram frá fyrri umræðu um áætlunina þ. 24. janúar sl. og engar breytingar eru á niðurstöðu áætlunarinnar frá fyrri umræðu.

### **Tekjur**

Reiknað er með að bæði útsvar og framlög Jöfnunarsjóðs muni aukast að raunvirði um 2% árin 2014 og 2015 en síðan um 1% árið 2016. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum hækki um 10% árið 2014, 2% árið 2015 og 1% árið 2016. Gert er ráð fyrir að hækkun sem orðið hefur á fasteignaverði á undanförunum árum muni halda áfram að einhverju marki á árinu 2014 en verði svo minni seinni tvö árin. Fasteignamatið byggir einmitt á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum. Þá er reiknað með að aðrar tekjur muni aukast um 1% á ári þau 3 ár sem áætlunin spannar.

Áætlunin gerir ráð fyrir 20 m.kr tekjum á ári vegna leigu á húsnæði fyrir hjúkrunarheimili, en auk þess verði 80 m.kr tekjur á ári vegna reksturs hjúkrunarheimilis.

Þar sem hluti félagslegra íbúða verður tekinn undir hjúkrunarheimili er reiknað með tekjulækkun í B-hluta fyrirtækinu félagslegar íbúðir sem nemur 20% árið 2014 en 5% hækkun árið 2015 og árið 2016.

### **Gjöld**

Áætlunin gerir ráð fyrir að laun hækki að raunvirði um 2% árið 2014, 2% árið 2015 og 1% árið 2016. Þá er reiknað með að annar rekstrarkostnaður aukist um 1% á ári umfram verðlagsbreytingar.

Gert er ráð fyrir að fasteignagjöld, viðhald og annar rekstrarkostnaður vegna húsnæðis hjúkrunarheimilis verði 6,3 m.kr á ári. Þá er gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilis að öðru leyti kosti 80 m.kr á ári þannig að rekstrarkostnaðurinn verði jafnhár rekstrartekjunum og hafi því í raun ekki áhrif á rekstur sveitarfélagsins.

### **Fjárfestingar**

Í áætluninni er gert ráð fyrir að svigrúm til fjárfestinga sé 50 m.kr á ári í A-hluta, en í B-hluta er gert ráð fyrir að fjárfesta fyrir 144 m.kr 2014, 70 m.kr 2015 og 80 m.kr 2016. Þá gerir áætlunin ráð fyrir að í A-hluta verði teknar að láni 60 m.kr árið 2014, 45 m.kr 2015 og 40 m.kr 2016 en í B-hluta verði teknar að láni 129 m.kr 2014, 45 m.kr 2015 og 40 m.kr 2016.

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði á bilinu 111 til 121 m.kr á ári. Þá er gert ráð fyrir að skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B-hluta verði 1.228 m.kr í árslok 2016 og eru þá skuldir vegna hjúkrunarheimilis meðtaldar. Árið 2016 eru áætlaðar heildartekjur 907 m.kr og er því hlutfall skulda á móti tekjum u.þ.b. 1,35 í lok tímabilsins.

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2014, 2015 og 2016 er hér lögð fram til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**Elías Jónatansson**  
bæjarstjóri